

Sjóvá – Afkoma á fyrsta ársfjórðungi 2016

- Hagnaður var 423 m.kr.
- Afkoma af váttryggingastarfsemi var neikvæð um 48 m.kr.
- Afkoma af fjárfestingarstarfsemi nam 444 m.kr.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi var viðunandi. Eins og undanfarna fjórðunga helgast það af góðri arðsemi fjárfestingareigna. Skaðatryggingarekstur er hins vegar þungur þar sem iðgjöld og fjárfestingartekjur af váttryggingaskuld duga ekki til að greiða fyrir tjón og rekstrarkostnað. Í sögulegu tilliti er slíkt ekki óalgengt þegar vel árar í efnahagslífinu þar sem aukin tjón fylgja auknum vexti og hraða samfélagsins. Samsett hlutfall var 106,9% á fjórðungnum en skv. lengri tíma markmiðum er stefnt á 95%. Í birtum horfum fyrir afkomu ársins 2016 er gert ráð fyrir að samsett hlutfall verði 98-100% og að hagnaður verði á bilinu 2 til 2,4 milljarðar króna. Niðurstaða fyrsta ársfjórðungs gefur ekki tilefni til að breyta þeim viðmiðum nú“ segir Hermann.

Fjárfestingar

Ávöxtun eignasafns félagsins nam 2,1% á ársfjórðungnum. Hlutabréf skiluðu mestri ávöxtun eða 3,5%. Helsta breyting á fjárfestingarsafni félagsins á fjórðungnum var að félagið jók laust fé en minnkaði eign sína í ríkisskuldabréfum og hlutabréfum.

Helstu niðurstöður og lykiltölur	1F 2016	1F 2015	%
Iðgjöld tímabilsins	3.584	3.459	3,6%
Eigin iðgjöld	3.403	3.291	3,4%
Heildar fjárfestingartekjur	709	1.040	- 31,8%
Þar af fjárfestingartekjur af váttryggingaskuld	199	205	-2,7%
Heildartekjur	4.123	4.341	- 5,0%
Tjón tímabilsins	-2.692	-2.615	2,9%
Eigin tjón	-2.735	-2.620	4,4%
Rekstrarkostnaður	-992	-897	10,6%
Afskrift óefnislegra eigna	0	-115	
Heildargjöld	-3.727	-3.632	2,6%
Afkoma fyrir skatta	396	708	
Afkoma eftir skatta	423	624	
Tjónahlutfall	75,1%	75,6%	
Endurtryggingahlutfall	6,0%	4,7%	
Kostnaðarhlutfall	25,8%	24,0%	
Samsett hlutfall	106,9%	104,3%	
Ávöxtun eigin fjár	10,5%	15,5%	
Hagnaður á hlut	0,27	0,39	

Eignir	2016	2015
Fjárfestingar	33.400	33.785
Viðskiptakröfur	5.940	4.078
Handbært fé	1.554	1.385
Heildareignir	43.185	41.435
Eigið fé samtals	15.940	16.291
Eiginfjárlutfall	36,9%	39,3%
Gjaldþolshlutfall SII	1,83	1,86

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Kynningarfundur 29. apríl kl. 08:30

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2016 föstudaginn 29. apríl kl. 08:30 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjorið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar veitir Þórður Pálsson í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.